

*24. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
í Reykjavík 14. - 15. nóvember 2003*

Ályktun

24. þing LÍV lýsir áhyggjum vegna fyrirhugaðra uppsagna starfsmanna Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Fundurinn skorar á ríkisstjórn Íslands að hefja nú þegar samráð við stéttarfélög og sveitarstjórnir á Suðurnesjum, um aðgerðir sem dregið gætu úr afleiðingum þessara uppsagna. Það er óviðunandi fyrir starfsfólk að búa við þessa óvissu sem nú ríkir og nauðsynlegt að henni sé eytt. Strax verði hugað að uppbyggingu í atvinnumálum á Suðurnesjum vegna þeirra breytinga sem nú eru greinilega að verða á starfssemi Varnarliðsins.